

## Tryggingarskilmálar fyrir slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu

Slysatrygging hjá okkur með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu veitir þér tvöfalta tryggingu með einum samningi:

Í viðbót við tryggingarvernd við slys (slysatryggingu) ávinnur þú þér með iðgjöldum þínum endurgreiðslukröfu við lifun eða við fráfall (iðgjaldsendurgreiðsla). Iðgjaldsendurgreiðslan greiðist við lifun sem lífeyrisgreiðslur (lífeyristrygging) eða við fráfall sem eingreiðsla. Í stað lífeyrisgreiðslu getur þú líka krafist eingreiðslu (höfuðstólsvalréttur). Endurgreiðslukröfuna ábyrgjumst við óháð því hvort þú hefur fengið bætur úr slysatryggingunni.

Samningstíminn skiptist í tvö skeið þar sem boðið er upp á mismunandi greiðslur:

- Sparaðarskeið er tíminn frá upphafi samningstímans til umsaminna lífeyrisgreiðslubyrjunar.
- Endurgreiðsluskeið er tíminn eftir umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun.

Þú sem tryggingartaki ert viðsemjandi okkar. Hinn tryggði getur verið þú eða einhver annar. Við sem tryggjendur látum í té umsamdar greiðslur.

## Almennir skilmálar fyrir slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu (Allianz AB UBR 2008)

U 7201/08

### Efnisyfirlit

#### Tryggingarumfang í slysatryggingu

- § 1 Hvað er tryggt í slysatryggingu?
- § 2 Hvaða tegundir bóta er hægt að semja um í slysatryggingu?
- § 3 Hvaða áhrif hafa sjúkdómar eða heilsubrestir í slysatryggingu?
- § 4 Í hvaða tilfellum er tryggingarvernd útilokud í slysatryggingu?
- § 5 Hvers þarf þú að gæta í slysatryggingu þegar breytt er um starf eða iðju?

#### Bótamál í slysatryggingu

- § 6 Hvers ber að gæta eftir slys og á lífeyrisgreiðslutímabilinu (skyldur)?
- § 7 Hvaða afleiðingar hefur það að uppfylla ekki skyldur?
- § 8 Hvenær falla greiðslur í slysatryggingu í gjalddaga? Á hvaða forsendum og að hvaða hámarki bætum við kostnað við að rökstyðja greiðsluskyldu okkar?

#### Tryggingarumfang í iðgjaldsendurgreiðslu

- § 9 Hvað er tryggt í iðgjaldsendurgreiðslu?
- § 10 Hvaða hagnaðarhlutdeildar getur þú vænst til viðbótar?
- § 11 Hvenær og hvernig verður tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu breytt í iðgjaldsfríu tryggingu?
- § 12 Hvenær og í hvaða hæð getur þú krafist endurkaupsvirðis úr tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu?
- § 13 Hvernig er tekið tillit til samningsgerðarkostnaðar við samning þinn?

#### Útborganir úr iðgjaldsendurgreiðslunni

- § 14 Hver fær útborgunina úr iðgjaldsendurgreiðslunni?
- § 15 Hvaða merkingu hefur tryggingarskírteinið og hvers ber annars að gæta við útborgun úr iðgjaldsendurgreiðslunni?

#### Samningstíminn

- § 16 Fyrir hve langan tíma gildir samningurinn?
- § 17 Hvenær hefst tryggingarverndin?
- § 18 Hvenær lýkur tryggingarsamningstímanum?
- § 19 Hvenær lýkur slysatryggingunni?
- § 20 Á hvaða forsendum er hægt að segja upp slysatryggingunni eftir að bótamál kemur upp?
- § 21 Hvað gerist ef slysatryggingunni er sagt upp fyrir lok samningstímans?
- § 22 Hvað gerist í hernaði?

#### Tryggingariðgjald

- § 23 Hvers þarf þú að gæta við iðgaldsgreiðslu?

- § 24 Hvað gerist ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma?  
§ 25 Hvað gerist ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma?  
§ 26 Hvaða greiðslu skuldar þú okkur ef samningnum lýkur fyrir tímann eða ógildingu samnings?

## Önnur ákvæði

- § 27 Hvernig er réttarstaða samningsaðila innbyrðis?  
§ 28 Hvað merkir tilkynningaskylda fyrir samningsgerð í skilningi laganna?  
§ 29 Hvenær fyrnast samningsbundnar kröfur samkvæmt lögum?  
§ 30 Hvar er hægt að bera fram kröfur fyrir rétti?  
§ 31 Hvað gildir um tilkynningar og yfirlýsingar bínar sem varða tryggingarsambandið?  
§ 32 Hvað gildir lögum samkvæmt ef þú tilkynnir okkur ekki breytingu á póstfangi bínu eða nafni?  
§ 33 Hvaða lög gilda?  
§ 34 Yfir hvaða greiðslur nær tímareikningur þinn við atvinnuleysi eða óvinnufærni?  
§ 35 Hvaða sérstakar reglur gilda um tilteknar gjaldskrár?  
§ 36 Á hvaða forsendum er skilmálaaðlögun leyfileg?

## Tryggingarumfang í slysatryggingu

### § 1 Hvað er tryggt í slysatryggingu?

- (1) Við bjóðum tryggingarvernd við slys sem hinn tryggði verður fyrir meðan slysatryggingin er í gildi.
- (2) Tryggingarverndin nær til slysa hvar sem er í heiminum.
- (3) Það telst slys ef hinn tryggði bíður óviljandi heilsutjón vegna skyndilegs atburðar (slysatilvik) sem verkar utan frá á likama hans.
- (4) Það telst einnig slys ef aukin áreynsla á útlimi eða hrygg veldur því að
- liðir snúast eða fara úr liði
  - vöðvar, sinar, liðbond eða belgir togna eða rifna.
- (5) Við bendum á útilokanir (§ 4) og reglur um takmörkun bóta (§ 3); þær gilda um allar tegundir bóta.

### § 2 Hvaða tegundir bóta er hægt að semja um í slysatryggingu?

Fyrir sparnaðarskeiðið getur þú samið við okkur um tegundir bóta. Þeim er lýst í eftirfarandi skilmálum eða viðbótarskilmálum. Á endurgreiðsluskeiðinu eru greiddar viðbótarbætur úr iðgjaldsendurgreiðslunni við alvarleg slys ef um örorku eða fráfall er að ræða. Greiðslunum og forsendum fyrir þeim er lýst í § 9 (6). Bótategundirnar, sem þú hefur samið um við okkur, og tryggingarupphæðirnar koma fram í samningnum.

#### (1) Örorkubætur

##### a) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu

- aa) Andleg eða líkamleg hæfni hins tryggða skerðist varanlega vegna slyssins (örorka). Skerðing er varanleg ef hún varir fyrirsjáanlega lengur en þrjú ár og ekki er að vænta breytingar á ástandinu. Örorkan er
- komin fram innan eins árs eftir slysið og
  - hefur verið skriflega staðfest af lækni og þú hefur haldið henni fram við okkur innan 15 mánaða eftir slysið.

bb) Ekkert tilkall er til örorkubóta ef hinn tryggði fellur frá vegna slyssins innan eins árs eftir slysið.

##### b) Tegund og hæð tryggingargreiðslu

Við greiðum örorkubæturnar sem höfuðstólsupphæð.  
Útreikningur bóta byggist á tryggingarupphæð og örorkustigi  
vegna slyssins.

aa) Við missi eða algjöra óstarfhæfni  
eftirtalinna líkamshluta og skynfæra gilda  
einungis eftirfarandi örorkustig:

Handleggur	70%
Handleggur fyrir ofan olnboga	65%
Handleggur fyrir neðan olnboga	60%
Hönd	55%
Þumalfingur	20%
Vísifingur	10%
Annar fingur	5%
Fótleggur ofan við mitt læri	70%
Fótleggur að miðju læri	60%
Fótleggur fyrir neðan hné	50%
Fótleggur að miðjum kálfa	45%
Fótur	40%
Stóratá	5%
Önnur tá	2%
Auga	50%
Heyrn á öðru eyra	30%
Lyktarskyn	10%
Bragðskyn	5%

Við missi að hluta eða skerta starfshæfni  
að hluta gildir samsvarandi prósentustig.

bb) Fyrir aðra líkamshluta og skynfæri er  
örorkustig mælt eftir því að hve miklu leyti  
eðlileg líkamleg eða andleg hæfni er skert í  
heild. Við það ber eingöngu að taka tillit til  
læknisfræðilegra sjónarmiða.

cc) Ef viðkomandi líkamshlutar eða skynfæri  
eða starfshæfni þeirra var þegar varanlega  
skert fyrir slysið lækkar örorkustigið um fyrri  
örorku. Hana ber að mæla samkvæmt  
§ 2 (1) aa) og bb).

dd) Hafi fleiri en einn líkamshluti eða skynfæri  
orðið fyrir tjóni við slysið eru örorkustigin  
sem reiknuð eru samkvæmt undanfarandi  
ákvæðum lögð saman. Ekki er þó tekið tillit  
til meira en 100%.

ee) Leiði slys samkvæmt þessum ákvæðum og  
samkvæmt § 3 til örorku hins tryggða  
sem nemur minnst  
70% fyrir lok 25. aldursárs  
80% fyrir lok 50. aldursárs  
90% eftir lok 50. aldursárs  
greiðum við fimmfaldar örorkubætur. Miða  
skal við aldur hins tryggða þegar slysið  
verður.  
Þessi viðbótargreiðsla takmarkast fyrir hvern  
hinn tryggða við 1.000.000 EUR fyrir hvert slys.  
Ef í gildi eru aðrar tryggingar fyrir hinn tryggða  
með fimmföldum eða fjórföldum örorkubótum hjá  
Allianz tryggingarfélaginu hf, þá gildir  
hámarksupphæðin fyrir allar tryggingar  
samanlagt.

ff) Falli hinn tryggði frá

- af orsök sem tengist ekki slysinu innan  
árs eftir slysið eða
- af hvaða orsök sem er seinna en einu ári  
eftir slysið

og hafi krafa um örorkubætur orðið til  
greiðum við samkvæmt því örorkustigi sem  
hefði mætt búast við á grundvelli

læknaskýrslna.

(2) Slysalífeyrisgreiðslur (Unfallrente)

a) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu

aa) Andleg eða líkamleg hæfni hins tryggða er varanlega skert vegna slyssins (örorka).

Skerðing er varanleg ef hún varir fyrirsjáanlega lengur en þrjú ár og ekki er að vænta breytingar á ástandinu . Örorkan er

- komin fram innan eins árs eftir slysið og
- hefur verið skriflega staðfest af læknii og þú hefur haldið henni fram við okkur innan 15 mánaða eftir slysið.

bb) Örorkustigið nemur að minnsta kosti

- 50% við slys fyrir lok 60. aldursárs
- 70% við slys eftir lok 60. aldursárs

án örorku sem var til staðar fyrir slysið samkvæmt § 2 (1) b) cc) og án áhrifa sjúkdóma eða heilsuresta samkvæmt § 3.

cc) Örorkustig vegna slyss er mælt samkvæmt ákvæðum í § 2 (1) b) aa) til dd).

dd) Ekkert tilkall er til slysalífeyrisgreiðslna ef hinn tryggði fellur frá vegna slyssins innan eins árs eftir slysið.

ee) Falli hinn tryggði frá

- af orsök sem tengist ekki slysinu innan árs eftir slysið eða
- af hvaða orsök sem er seinna en einu ári eftir slysið

og hafi forsendur samkvæmt § 2 (2) a) aa) verið uppfylltar greiðum við ef á grundvelli læknaskýrslna hefði mátt búast við örorkustigi sem næmi að minnsta kosti 50% eða 70%. Um mælingu örorkustigs gilda § 2 (2) a) bb) og cc) eftir því sem við á.

b) Tegund og hæð tryggingargreiðslu  
Við greiðum slysalífeyrisgreiðslur óháð aldri hins tryggða í þeiri hæð sem umsamið var (tryggingarupphæð).

c) Byrjun og tímalengd  
Við greiðum slysalífeyrisgreiðslur

- afturvirkta frá byrjun mánaðarins þegar slysið varð,
- mánaðarlega fyrir fram.

Við greiðum slysalífeyrisgreiðslur til loka sjötta mánaðar eftir fráfall hins tryggða.  
Slysalífeyrisgreiðslum lýkur enn fremur í lok þess mánaðar þegar ný mæling samkvæmt § 8 (5) hefur leitt í ljós að örorkustig vegna slyssins hefur lækkað niður fyrir 50% eða 70%.

d) Hlutdeild í hagnaði meðan lífeyrisgreiðslur standa yfir.

aa) Uppruni hagnaðarhlutdeilda  
Til að tryggja lífeyrisgreiðslur reiknum við með 4% ávöxtun. Ef raunverulegar fjármagnstekjur verða hærrí en þessi útreiknaða ávöxtun njóta lífeyrisþegar gróðans sem af því hlýst í formi hagnaðarhlutdeilda.

bb) Fyrirkomulag hagnaðarhlutdeilda

Hagnaðarhlutdeild fer þannig fram að yfirstandandi lífeyriskrafa er hækkuð.  
Hækkuð lífeyriskrafa er tryggð í áunninni hæð. Hækkun fer í fyrsta lagi þá fram þegar lífeyrir hefur verið beginn í minnst eitt ár.  
cc) Hæð hagnaðarhlutdeilda  
Við könnum árlega hvort hagnaðurinn sem varð á reikningsárinu og fé í varasjóði til iðgaldsendurgreiðslu (RfB) réttlæta hækkun yfirstandandi lífeyriskrafna.

Eftir tillögu tryggingafræðings tekur stjórn okkar árlega ákvörðun um hvort og í hvaða hæð yfirstandandi lífeyriskröfur eru hækkaðar og birtir hana í ársskýrslu fyrirtækisins.  
Ef til hækkunar kemur greiðum við hækkaðan lífeyri frá 1. janúar viðskiptaársins eftir könnunina. Við tilkynnum pér um hækkaða lífeyriskröfu.

dd) Tekjur  
Við notum minnst 70% vaxtatekna af varasjóðum til lífeyrisgreiðslna – að frádregnum þeim hluta sem miðað við útreiknaða ávöxtun þarf til þegar viðurkenndra lífeyrisgreiðslna – til hagnaðarhlutdeilda lífeyrisþega.  
Vaxtatekjurnar sem notaðar eru til hagnaðarhlutdeilda lífeyrisþega leggjum við í varasjóð fyrir iðgaldsendurgreiðslu (RfB) eða færum þær einstökum lífeyrisþegum til tekna sem hækkaðar lífeyriskröfur. Féð sem lagt er í varasjóð fyrir iðgaldsendurgreiðslu (RfB) me gum við yfirleitt eingöngu nota til hagnaðarhlutdeilda lífeyrisþega.

(3) Bættar biðtímaþær

a) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu

aa) Eðlileg líkamleg eða andleg hæfni hins tryggða er skert á atvinnusviði eða utan þess vegna slyssins án áhrifa sjúkdóma eða heilsubresta

- eftir þrjá mánuði talið frá slysdegi enn um 100% (fyrsta stig) eða
- eftir sex mánuði talið frá slysdegi um minnst 50% (annað stig).

Þessar skerðingar hafa staðið yfir óslitið innan tilgreindra tímamarka.

bb) Þú hefur krafist biðtímaþótanna af okkur og lagt fram læknisvottor á fyrsta stigi í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir að slysið varð og á öðru stigi í síðasta lagi sjö mánuðum eftir að slysið varð.

b) Tegund og hæð tryggingargreiðslu  
Biðtímaþær fyrsta stigs eru greiddar jafnháar og nemur helmingi tryggingarupphæðarinnar, biðtímaþær annars stigs eru greiddar jafnháar og nemur fullri umsamiðni tryggingarupphæð. Greiðslu fyrir fyrsta stig teljum við með.

(4) Dagpeningar

a) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu  
Vegna slyssins hefur hinn tryggði

- skerta hæfni til vinnu og
- er í læknismeðferð.

b) Hæð og tímalengd greiðslu  
Dagpeningar eru reiknaðir samkvæmt

umsaminni tryggingarupphæð. Þeim er skipt í flokka eftir staðfestu skerðingarstigi við vinnu eða iðju. Dagpeningar eru greiddir meðan læknismeðferð stendur yfir, lengst í eitt ár, talið frá slysdegi.

(5) Sjúkrahúsdagpeningar

a) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu  
Vegna slyssins er hinn tryggði í  
læknisfræðilega nauðsynlegri  
lækningsameðferð á sjúkrahúsi.  
Heilsubótardvöl (kúrar) svo og dvöl á  
heilsuhælum og hressingarheimilum telst  
ekki læknisfræðilega nauðsynleg  
lækningsameðferð.

b) Hæð og tímalengd greiðslu  
Sjúkrahúsdagpeningar eru greiddir jafnháir  
og umsamin tryggingarupphæð fyrir hvern  
almanaksdag sjúkrahúsmeðferðarinnar,  
lengst þó í þrjú ár, talið frá slysdegi.

(6) Dánarbætur

a) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu  
Hinn tryggði hefur fallið frá af völdum  
slyssins innan eins árs.  
Við bendum á sérstakar skyldur samkvæmt  
§ 6 (5).

(b) Hæð tryggingargreiðslu  
Dánarbætur eru greiddar jafnháar og  
umsamin tryggingarupphæð.

**§ 3 Hvaða áhrif hafa sjúkdómar eða  
heilsubrestir í slysatryggingu?**

Sem slysatryggjendur greiðum við bætur  
fyrir afleiðingar slyss. Ef sjúkdómar eða  
heilsubrestir hafa haft áhrif á heilsutjónið  
vegna slyssins eða afleiðingar þess

- lækkar prósentustig örorkustigsins ef um  
örorku er að ræða
- lækka bæturnar í samræmi við hluta  
sjúkdómsins eða heilsubrestsins ef um dánarbætur  
er að ræða og í öllum öðrum tilfellum ef  
ekki er samið um annað.

Nemi áhrifapátturinn minna en 25% kemur  
þó ekki til lækkunar.

**§ 4 Í hvaða tilfellum er tryggingarvernd  
útilokuð í slysatryggingu?**

(1) Fyrir eftirtalin slys gildir engin tryggingarvernd:

a) Slys sem hinn tryggði verður fyrir vegna  
geð- eða vitundartruflana, einnig ef þær  
verða vegna ölvunar, svo og vegna slags  
(heilablóðfalls, hjartaslags), flogaveikikasta  
eða annarra krampakasta sem grípa allan  
líkama hins tryggða.

Tryggingarverndin gildir þó ef þessar  
truflanir eða köst urðu af völdum slystilviks  
sem fellur undir pennan samning.

b) Slys sem hinn tryggði verður fyrir vegna  
þess að hann fremur afbrot af ráðnum hug  
eða reynir það.

c) Slys sem verða beint eða óbeint af völdum  
stríðs- eða borgarastríðsatvika.

Tryggingarverndin gildir þó ef hinn tryggði  
verður óvænt fyrir barðinu á stríðs- eða

borgarastríðsatvikum á ferðalagi erlendis.  
Þessi tryggingarvernd fellur niður við lok  
sjöunda dags frá byrjun stríðs eða  
borgarastríðs á landsvæði ríkisins þar sem  
hinn tryggði dvelur.  
Framlengingin gildir ekki um ferðir til eða  
um ríki þar sem begar geisar stríð eða  
borgarastríð. Hún gildir heldur ekki fyrir  
virka þáttöku í stríði eða borgarastríði og  
ekki um slys af völdum kjarna- sýkla- eða  
efnavopna né í tengslum við stríð eða  
ófriðarástand milli Bandaríkjanna,  
Frakklands, Japans, Kína, Rússlands,  
Stóra-Bretlands eða Þýskalands.

d) Slys sem hinn tryggði verður fyrir

- sem stjórnandi loftfars (einnig flugþróttatækis) ef hann þarf til þess leyfi samkvæmt þýskum lögum og einnig sem annar í áhöfn loftfars;
- við starf sem vinna þarf með hjálp loftfars;
- við notkun geimfara.

e) Slys sem hinn tryggði verður fyrir við það að hann, sem bílstjóri eða aðstoðarökumaður eða farþegi í vélknúnu farartæki, tekur þátt í akstursviðburði að meðtöldum tilheyrandi æfingaakstri þar sem máli skiptir að ná hámarkshraða.

f) Slys sem stafa beinlínis eða óbeinlínis af kjarnorku.

(2) Þar að auki eru eftirfarandi tjón útilokuð:

a) Liðþófatjón, svo og innvortis blæðingar og heilablæðingar. Tryggingarverndin gildir þó ef aðalorsókin er slystilvik sem fellur undir pennan samning samkvæmt § 1 (3).

b) Heilsutjón vegna geislunar.

c) Heilsutjón vegna lækningaráðstafana, svo og vegna aðgerða á líkama hins tryggða, óháð tilgangi þeirra. Tryggingarverndin gildir þó ef lækningaráðstafanirnar eða aðgerðirnar eru gerðar vegna slyss sem fellur undir pennan samning.

d) Sýkingar.

aa) Þær eru einnig þá útilokaðar ef þær stafa af

- skordýrastungum eða -biti eða
- öðrum minni háttar húð- eða slímhúðarsárum

sem sýklar bárust um inn í líkamann þegar í stað eða seinna.

bb) Tryggingarvernd gildir þó fyrir

- hundaæði og stífkampa og einnig fyrir sýkingar þar sem sýklarnir bárust inn í líkamann um sár eftir slys sem ekki eru útilokuð samkvæmt § 4 (2) d) aa).

cc) Um sýkingar sem stafa af lækningaráðstöfunum eða aðgerðum gildir § 4 (2) c) önnur málsgrein, eftir því sem við á.

e) Eitranir vegna inntöku fastra eða fljótandi efna gegnum kokið. Tryggingarvernd gildir þó ef hinn tryggði er ekki orðinn fullra 10 ára.  
Útilokaðar eru eitranir af völdum matvæla.

f) Sjúklegar truflanir vegna sálrænna viðbragða, einnig þótt þau séu af völdum slyss.

g) Maga- eða kviðslit.  
Tryggingarvernd gildir þó ef þau verða við harkaleg utanaðkomandi áhrif sem falla undir þennan samning.

#### **§ 5 Hvers þarf þú að gæta í slysatryggingu þegar breytt er um starf eða iðju?**

(1) Grundvöllur ákvörðunar iðgjalds er starf eða iðja hins tryggða (sbr. "Ábendingar vegna áhættuþáttu í slysatryggingunni" undir starf/áhættuhópur). Breyting á starfi eða iðju hins tryggða (herskyldubjónusta, borgaraleg þjónusta eða hernaðarlegar varalíðsæfingar teljast ekki til þess) getur falið í sér aukna eða minnkaða áhættu. Því verður þú að tilkynna okkur slíka breytingu tafarlaust.

(2) Reiknist lægri tryggingarupphæðir við áhættuaukningu samkvæmt gildandi gjaldskrá fyrir samninginn með óbreyttum iðgjöldum gilda þær þegar tveir mánuðir eru liðnir frá áhættuaukningunni. Endurútreiknuðu tryggingarupphæðirnar gilda bæði fyrir vinnuslys og slys utan vinnu.

(3) Reiknist hins vegar hærri tryggingarupphæðir við áhættuminnkun samkvæmt gildandi gjaldskrá fyrir samninginn með óbreyttum iðgjöldum gilda þær frá því að yfirlýsing þín um breytinguna berst okkur, í síðasta lagi þó frá mánuði eftir breytingu. Endurútreiknuðu tryggingarupphæðirnar gilda bæði fyrir vinnuslys og slys utan vinnu.

#### **Bótamál í slysatryggingu**

#### **§ 6 Hvers ber að gæta eftir slys og á lífeyrisgreiðslutímabilinu (skyldur)?**

Án þáttöku þinna og hins tryggða getum við ekki greitt bætur.

(1) Eftir slys, sem vænta má að valdi bótaskyldu, verður hinn tryggði tafarlaust að kalla til læknii, fylgja fyrirmælum hans og láta okkur vita.

(2) Slysatilkynninguna, sem við sendum, verður þú og hinn tryggði að fylla út sannleikanum samkvæmt og senda okkur til baka tafarlaust; frekari upplýsingar varðandi málid, sem við biðjum um, verður að veita á sama hátt.

(3) Ef við kveðjum til lækna verður hinn tryggði einnig að láta þá skoða sig. Við berum nauðsynlegan kostnað, að meðtöldu tekjutapi sem af því hlýst.

(4) Gefa ber læknunum sem hafa annast eða skoðað hinn tryggða – einnig af öðrum ástæðum – öðrum tryggjendum, våtriggjendum og yfirvöldum umboð til að veita allar nauðsynlegar upplýsingar.

(5) Leiði slysið til dauða ber að tilkynna okkur það innan 48 klukkustunda, einnig þótt okkur hafi þegar verið tilkynnt um slysið. Veita ber okkur rétt til þess að láta lækni í umboði okkar framkvæma krufningu ef þurfa þykir.

(6) Ef hinn tryggði andast á lífeyrisgreiðslutímabilinu verður að tilkynna okkur það tafarlaust.

#### **§ 7 Hvaða réttaráhrif hefur það að uppfylla ekki skyldur?**

Það getur haft áhrif á greiðsluskyldu okkar ef þú uppfyllir ekki skyldurnar. Ef þú vanrækir skyldu samkvæmt þessum samningi af ráðnum hug gildir

engin tryggingarvernd. Ef þú vanrækir skyldu samkvæmt þessum samningi af vítaverðu gáleysi er okkur heimilt að skerða bæturnar. Skerðingin fer eftir því hve alvarleg vanræksla þín var. Ekki kemur til skerðingar ef þú sannar að ekki hafi verið um vítaverð gáleysi að ræða.

Jafnvel þó fyrir liggi vanræksla af ráðnum hug eða vítaverðu gáleysi erum við bótaskyld ef þú sannar okkur að vanrækslan

- hafi hvorki haft áhrif á viðurkenningu bótamálsins
- né á viðurkenningu né umfang greiðsluskyldu okkar.

Þetta gildir ekki ef þú vanræktir skylduna af sviksamlegum hug.

Vanrækir þú upplýsinga- eða útskyringaskyldu, sem þér ber að sinna eftir að til bótamáls kom, getum við því aðeins talið okkur laus undan greiðsluskyldu að fullu eða að hluta ef við höfum bent þér sérstaklega á þessi réttaráhrif í textaformi.

#### **§ 8 Hvenær falla greiðslur í slysatryggingu í gjalddaga?**

Á hvaða forsendum og að hvaða hámarki bætum við kostnað við að rökstyðja greiðsluskyldu okkar?

(1) Okkur er skylt að lýsa yfir því innan eins mánaðar – við kröfu um örorkubætur og slysalífeyrisgreiðslur (Unfallrente) innan þriggja mánaða – hvort og í hvaða hæð við viðurkennum kröfu. Frestirnir byrja þegar okkur berast eftirfarandi gögn:

- sönnun um atvik slyssins og afleiðingar þess,
- við örorkubótakröfur og slysalífeyrisgreiðslur (Unfallrente) auk þess sönnun um lok lækningameðferðar að svo miklu leyti sem þess þarf til að mæla örorku.

(2) Lækniskostnað, sem þú þarf að greiða til að rökstyðja bótaskrífuna, tökum við á okkur

- við örorku upp að 1 prómilli tryggingarupphæðarinnar,
- við slysalífeyrisgreiðslur (Unfallrente) upp að 10% mánaðarlífeyris,
- við biðtímbætur upp að 1 prósentí tryggingarupphæðarinnar,
- við dagpeninga og sjúkrahúsdagpeninga upp að einu daggjaldi.

Annan kostnað tökum við ekki á okkur.

(3) Ef við viðurkennum kröfuna eða höfum orðið ásáttir við þig um ástæðu og upphæð greiðum við innan tveggja vikna.

(4) Hafi aðeins ástæða bótaskyldunnar verið ákveðin – einnig með hliðsjón af umsömdu lágmarksörorkustigi - greiðum við, ef þú óskar þess, hæfilega fyrirframgreiðslu. Fyrir lok lækningameðferðar er aðeins hægt að krefjast örorkubóta innan eins árs eftir slysið sem nema allt að hæð umsaminna dánarbóta.

(5) Þú og við höfum rétt til þess að láta mæla örorkuna læknisfræðilega á ný árlega, í síðasta lagi allt að þremur árum eftir slysið. Þennan rétt

- verðum við að nýta ásamt yfirlýsingu okkar um greiðsluskyldu okkar samkvæmt §6 (1)
- verður þú að nýta í síðasta lagi innan þriggja mánaða fyrir lok frestsins.

Leiði endanleg mæling af sér hærri örorkubætur en við höfum þegar greitt ber að greiða 5% vexti á ári af mismuninum.

## Tryggingarumfang í iðgjaldsendurgreiðslu

### § 9 Hvað er tryggt í iðgjaldsendurgreiðslu?

(1) Iðgjaldsgreiðsla og tryggð iðgjaldsendurgreiðsla

a) Iðgjaldsgreiðsla

Lengd iðgjaldsgreiðslutímans er ákveðin með samningi. Hægt er að ákveða að á þessum tíma verði iðgjöldin greidd jafnóðum eða í einu lagi fyrir meira en eitt tryggingarár (eingreiðsla).

b) Greiðsla með eingreiðslu

Úr eingreiðslunni er mynduð tafarlaus inneign.

aa) Tafarlaus inneign

Á iðgjaldsgreiðslutímanum er árlega notuð upphæð úr tafarlausu innstæðunni til að byggja upp endurgreiðslukröfum. Afgangsupphæðin af tafarlausu innstæðunni er ávaxtuð árlega með tryggðri vaxtaprósentu. Vextirnir sem bætast við hækka afgangsupphæð tafarlausu innstæðunnar.

bb) Þróun endurgreiðslukröfunnar

Þróun endurgreiðslukröfunnar samsvarar þróuninni sem verður við iðgjaldsgreiðslur jafnóðum.

cc) Greidd iðgjöld

Sem greidd iðgjöld í skilningi § 9 (1) gilda iðgjöld sem koma til við iðgjaldsgreiðslu jafnóðum.

c) Tryggð iðgjaldsendurgreiðsla

Á sparnaðarskeiðinu ávinnur þú þér úr hverju greiddu iðgjaldi endurgreiðslukröfu í bótamáli (sbr. § 9 /2). Tryggingarskattur og hugsanlegt hlutagreiðsluálag tilheyra ekki endurgreiðslukröfunni. Endurgreiðslukrafan sem fæst er heildarupphæð áunminna krafna úr öllum greiddum iðgjöldum. Úr þeim koma tryggðar greiðslur úr iðgjaldsendurgreiðslunni. Við tryggjum endurgreiðslukröfuna óháð því hvort þú hefur fengið bætur úr slysatryggingunni.

(2) Tryggðir viðburðir

Við tiltekna viðburði, sem snerta hinn iðgjaldsendurgreiðslutryggða, innum við af hendi greiðslur úr iðgjaldsendurgreiðslunni. Sem tryggðir viðburðir gilda lifun og fráfall og einnig alvarlegt slys á endurgreiðsluskeiðinu.

(3) Hinn tryggði

Sé annað ekki tekið beinlínis fram í tryggingarskíteininu er hinn iðgjaldsendurgreiðslutryggði sá sami og hinn tryggði í slysatryggingunni.

(4) Greiðslur við lifun umsaminna lífeyrisgreiðslubyrjunar

a) Forsenda

Hinn iðgjaldsendurgreiðslutryggði lifir umsamaða lífeyrisgreiðslubyrjun og öll iðgjöld hafa þangað til verið greidd eins og umsamið var.

b) Greiðslur

aa) Lífeyrisgreiðsla

Frá umsaminni lífeyrisgreiðslubyrjun greiðum við umsaminn lífeyrir. Við greiðum lífeyrinn mánaðarlega fyrir fram. Ef mánaðarlífeyririnn að meðtöldum hækkandi hagnaðarlífeyrir (§ 10 (2) c)) er lægri en 50 EUR við lífeyrisgreiðslubyrjun greiðum

við allar mánaðarlífeyrisgreiðslur ársins í einni upphæð á miðju tryggingarárinu.

bb) Lok lífeyrisgreiðslu  
Lífeyrisgreiðslum lýkur við lok mánaðarins þegar hinn iðgjaldsendurgreiðslutryggði fellur frá. Við höfum rétt til þess að kanna forsendur fyrir lífeyrisgreiðslunni með því að krefjast lífsvottorðs. Ef vottorðið er ekki sent tafarlaust leggjast lífeyrisgreiðslur niður frá næsta gjalddaga.

cc) Einstök höfuðstólsgreiðsla í stað lífeyrisgreiðslu  
Í stað ævilangs lífeyris getur þú einnig krafist þess að við greiðum þér hann út sem eingreiðslu (höfuðstólsvalréttur). Höfuðstólsvalréttiinn verður þú að nýta með skriflegri tilkynningu til okkar í síðasta lagi þremur mánuðum en þó ekki fyrr en einu ári fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun. Höfuðstólsgreiðslan samsvarar áunninni endurgreiðslukröfu.

dd) Lífeyrisgreiðslum flýtt.  
Ef hinn iðgjaldsendurgreiðslutryggði er orðinn fullra 60 ára gamall og samningstíminn sem eftir er til umsaminna lífeyrisgreiðslubyrjunar nemur í hæsta lagi sjö árum getur þú í lok hvers tryggingarárs krafist þess að byrjun lífeyrisgreiðslu verði flýtt. Lífeyririnn er þá lækkaður í hlutfalli við það samkvæmt reglum tryggingastærðfræðinnar. Við umsókn þína færð þú tilboð um hæð lífeyris sem er flýtt. Ef þú tekur því lýkur þá slysatryggingarvernd og iðgjaldagreiðsla eins og upphaflega var umsamið, í síðasta lagi við umsama lífeyrisgreiðslubyrjun sem hefur verið flýtt.

(5) Dánarbætur.

a) Forsenda.  
Hinn iðgjaldsendurgreiðslutryggði er fallinn frá.

b) Greiðslur  
Við fráfall greiðum við þá unna endurgreiðslukröfu samkvæmt § 9 (1) c). Á endurgreiðsluskeiðinu er umsaminna lífeyrir – sem þegar hefur verið greiddur – dreginn frá. Ef iðgjöld hafa verið greidd í einu lagi (einstök greiðsla) og tafarlausá innstæðan hefur ekki að fullu verið notuð til uppybyggingar endurgreiðslukröfunnar greiðum við að auki afgangsupphæð tafarlausu innstæðunnar.

(6) Bætur við alvarleg slys á endurgreiðsluskeiðinu  
Um þær gilda ákvæðin um tryggingarumfang (§1-4) og bótamál (§ 6-8) í slysatryggingu, að svo miklu leyti sem þau snerta örorkubætur og dánarbætur.

a) Forsenda  
Hinn iðgjaldsendurgreiðslutryggði verður fyrir slysi eftir lífeyrisgreiðslubyrjun sem leiðir til örorkustigs sem nemur minnst 50% eða leiðir til fráfalls hins iðgjaldsendurgreiðslutryggða innan eins árs eftir slysið.

b) Greiðslur við örorku  
Við tvöföldum mánaðarlífeyrinn sem greiddur var síðast fyrir slysið úr iðgjaldsendurgreiðslunni. Við greiðum þennan lífeyri frá byrjun mánaðarins þegar slysið átti sér stað. Að auki greiðum við einstaka höfuðstólsgreiðslu sem nemur 50-földum mánaðarlífeyrinum sem síðast var greiddur úr iðgjaldsendurgreiðslunni.

c) Greiðslur við fráfall

Til viðbótar við greiðsluna samkvæmt § 9 (5) greiðum við einstaka höfuðstólsgreiðslu sem nemur 12-faldri hæð mánaðarlífeyrisins sem greiddur var úr iðgaldsendurgreiðslunni.

(7) Upplýsingar um endurgreiðslukröfu og umsaminn lífeyri

Endurgreiðslukröfu fyrir hvert iðgaldsgreiðsluár og umsaminнn lífeyri tilgreinum við í umsókninni og tryggingarskíteininu. Nánari upplýsingar um hæð endurgreiðslukröfunnar, umsamins lífeyris og - ef iðgjöld voru greidd í einu lagi (einstök greiðsla)

- þróun tafarlausu innstæðunnar getur þú fengið í "Viðbótartryggingarupplýsingum um slysatryggingu með tryggðri iðgaldsendurgreiðslu" sem þér var afhent við lok samningsgerðarinnar.

**§ 10 Hvaða hagnaðarhlutdeildar getur þú vænst til viðbótar?**

(1) Uppruni hagnaðarhlutdeilda

Tryggingartakar fá hluta af hagnaði af fjármagnstekjum og af matsvirðisauka.

a) Fjármagnstekjur

Við útreikning iðgjálda og greiðslna við lifun og fráfall byggjum við á vaxtaprósentu sem er varlega aætluð með tilliti til greiðslugetu. Raunverulegar fjármagnstekjur eru yfirleitt hærri en þessi vaxtaprósenta. Tryggingartakar fá hluta af hagnaðinum sem af því hlýst í formi hagnaðarhlutdeilda. Vaxtaprósentu iðgjaldaútreikningsins tilgreinum við í "Viðbótartryggingarupplýsingum um slysatryggingu með tryggðri iðgaldsendurgreiðslu." Með þessum vöxtum er einnig reiknaður varasjóður, fjármagnaður með iðgjöldunum, sem við myndum til að geta uppfyllt skyldur gagnvart tryggingartakanum í tryggðri iðgaldsendurgreiðslu (sbr. § 10 (4)).

b) Matsvirðisauki

Matsvirðisauki verður til þegar markaðsvið fjárfestinga tryggingareignanna UBR (sbr. § 10 (4) a)) er hærra en verðgildið sem fjárfestingarnar eru bólfærðar með í uppgjörinu. Yfirleitt sér slíkur matsvirðisauki til þess að hægt er að jafna út skammtímasveiflur á fjármagnsmarkaði. Hluti matsvirðisaukans er færður beint til samninganna og úthlutað að hálfu við lífeyrisgreiðslubyrjun og áður við samningslok. Auk þess er matsvirðisauka sem færður er á tafarlausa innstæðu úthlutað að hálfu þegar afgangsupphæð er greidd úr tafarlausu innstæðunni. Eftirlitsréttarlegar reglur um fjármagnsstyrk haldast ósnortnar.

(2) Fyrirkomulag hagnaðarhlutdeilda

a) Hagnaðarsamband

Allar tryggingar sem samið er um samkvæmt þessum skilmálum tilheyra hagnaðarsambandinu UPR 1994.

b) Hagnaðarhlutdeild á sparnaðarskeiðinu

Á sparnaðarskeiðinu er hagnaðarhlutdeildin veitt gegnum bónuskröfur, réttindi til vœtanlegs lokahagnaðluta og hlutdeild í matsvirðisauka.

aa) Bónuskröfur

Bónuskröfurnar fást úr endurgreiðslukröfu og tafarlausri innstæðu. Þeim er úthlutað árlega og eru þá tryggðar í þeiri hæð. Þær eru aukalegar höfuðstólsgreiðslur sem falla í gjalddaga með endurgreiðslukröfu við umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun eða fráfall.

Úr bónuskröfum úr endurgreiðslukröfu er greitt endurkaupsvirði byggt á sömu meginreglum og úr endurgreiðslukröfu (§ 12).

Bónuskröfur úr tafarlausri innstæðu gjaldfalla fyrir tímamann í einni upphæð ef slysatryggingunni lýkur fyrir lok umsamins tíma (sbr. § 16 (2) eða gert er tilkall til greiðslna úr eiginfjármögnum samkvæmt § 35 (1)).

bb) Réttindi til vœtanlegs lokahagnaðar

Réttindi til vœtanlegs lokahagnaðar verða til úr fjármagnstekjum og úr matsvirðisauka. Hæð réttinda til vœtanlegs lokahagnaðar er ekki tryggð á samningstímanum. Þau falla aðeins í gjalddaga við lifun umsaminna lífeyrisgreiðslubyrjunar eða við fráfall og aðeins ef slysatryggingunni hefur á þeim tíma ekki verið sagt upp. Réttindi til vœtanlegs lokahagnaðar úr tafarlausri innstæðu gjaldfalla einnig ef slysatryggingunni lýkur fyrir umsaminнn tíma (sbr. § 16 (2)) eða gert er tilkall til greiðslna úr eiginfjármögnum samkvæmt § 35 (1).

c) Hlutdeild í matsvirðisauka

aa) Úr endurgreiðslukröfu

Matsvirðisauki sem úthlutað er samkvæmt §10 (1) b)

- hækkar stöðugan hluta hagnaðarlífeyrir við umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun samkvæmt § 10 (2) c) aa)
  - er greiddur út við samningslok.

bb) Úr tafarlausri innstæðu

Matsvirðisauki sem úthlutað er samkvæmt § 10 (1) b)

- hækkar stöðugan hluta hagnaðarlífeyrir við umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun samkvæmt § 10 (2) c) aa)
  - er greiddur út við útborgun afgangsupphæðar úr tafarlausri innstæðu.

cc) Grunnupphæð

Óháð raunvísói matsvirðisaukans gjaldfalla að minnsta kosti réttindi til væntanlegs lokahagnaðar úr matsvirðisaukanum (grunnupphæð). Fyrir matsvirðisauka úr endurgreiðslukröfunni gildir þetta aðeins ef slysatryggingunni hefur ekki verið sagt upp á úthlutunartímanum. Þegar grunnupphæð gjaldfellur er krafa um hlutdeild í matsvirðisauka að því leyti uppfyllt.

d) Hagnaðarhlutdeild endurgreiðsluskeiðsins

Á endurgreiðsluskeiðinu er hagnaðarhlutdeild veitt gegnum aukalegan ævilangan lífeyri (hækkandi hagnaðarlífeyrir). Á endurgreiðsluskeiðinu fæst engin hlutdeild í matsvirðisauka.

aa) Hækkandi hagnaðarlífeyrir

Hækkandi hagnaðarlífeyrir samanstendur af stöðugum og hækkandi hluta.

Stöðugur hluti

Stöðugi hlutinn er greiddur úr þeirri heildarupphæð sem áunnist hefur við lífeyrisgreiðslubyrjun úr bónuskröfum, lokahagnaðarréttindum og hlutdeild í matsvirðisauka. Eftir lífeyrisgreiðslubyrjun er hæð hans einnig tryggð.

Hækkandi hluti

Hækkandi hlutinn er greiddur af þeim hagnaði sem náðst hefur á endurgreiðsluskeiðinu. Hækkun þessa hluta kemur þannig til að heildarlífeyririnn (umsaminn lífeyrir að viðbættum öllum hagnaðarlífeyrir) er hækkaður árlega. Hækkandi hlutinn sjálfur og árlegar hækkanir eru aðeins greiddar svo lengi og í þeirri hæð sem hagnaðarþróunin nægir til þess.

Hagnaðarhlutdeild úr tafarlausri innstæðu

Bónuskrófurnar, lokahagnaðarréttindin og hlutdeild í matsvirðisauka sem nefndar voru að ofan í stöðuga hlutanum ná einnig til bónuskrafna, lokahagnaðarréttinda og hlutdeilda í matsvirðisauka úr tafarlausri innstæðu sem áunnist hafa á endurgreiðsluskeiðinu.

bb) Hækkun heildarlífeyris

Árleg hækkun heildarlífeyris fer fyrst fram einu ári eftir lífeyrisgreiðslubyrjun.

(3) Hæð hagnaðarhlutdeilda

a) Hagnaðarhlutdeild á sparnaðarskeiðinu

aa) Bónuskrafa úr endurgreiðslukröfunni

Bónuskrafan, sem bætist við árlega á sparnaðarskeiðinu, er reiknuð út með föstu prósentustigi af heildarupphæð endurgreiðslu- og bónuskröfu sem hefur áunnist við lok undanfarins tryggingarárs.

bb) Réttindi til væntanlegs lokahagnaðar úr endurgreiðslukröfunni

Réttindi til væntanlegs lokahagnaðar af fjármagnstekjum og af matsvirðisauka sem bætast við eru reiknuð út með föstu prósentustigi á ári af áunninni heildarupphæð endurgreiðslu- og bónuskröfу úr endurgreiðslukröfunni.

cc) Árlegur arður af tafarlausri innstæðu

Á heildarupphæð afgangsupphæðar af tafarlausri innstæðu sem til er við upphaf yfirstandandi tryggingarárs, af áunninni bónuskröfу og áunnum lokahagnaðarréttindum er lögð föst vaxtaprósenta. Útkoman er árlegur arður af tafarlausri innstæðu.

dd) Bónuskrafa úr tafarlausri innstæðu

Bónuskrafan sem bætist við kemur til af árlegum arði samkvæmt § 10 (3) a) cc) að frádregnum lokahagnaðarréttindum af fjármagnstekjum og matsvirðisauka sem bætast við samkvæmt § 10 (3) a) ee) og vöxtunum sem bætast við á þessu ári samkvæmt § 9 (1) b) aa).

ee) Réttindi til væntanlegs lokahagnaðar úr tafarlausri innstæðu

Af árlegum arði samkvæmt § 10 (3) a) cc) er fastur prósentuhluti notaður í hvert sinn fyrir lokahagnaðarréttindi sem bætast við úr fjármagnstekjum og matsvirðisauka.

b) Hlutdeild í matsvirðisauka

aa) Útteilingarhæfur matsvirðisauki

Matsvirðisauki tryggingareigna UBR er útteilingarhæfur ef hann samsvarar varasjóði fjármögnudum með iðgjöldum og fellur á samninga með kröfurétt. Útteilingarhæfur matsvirðisauki er tilgreindur í viðauka ársskýrlunnar.

bb) Samningar með kröfurétt

Þeir samningar hafa ekki kröfurétt þar sem þegar er greiddur lífeyrir úr iðgjaldsendurgreiðslunni eða þar sem gjalddagi greiðslna úr iðgjaldsendurgreiðslunni er liðinn hjá eða þar sem hagnaðarhlutdeild er ótvíráett útilokuð.

cc) Árlegur útreikningur og tilfærsla

Matsvirðisaukinn er reiknaður út einu sinni á ári. Reikningsleg færsla til samninga með kröfurétt í heild fer fram í hlutfalli varasjóða þeira, fjármagnaðra með iðgjöldum, við uppgjörsvirði allra fjárfestinga tryggingareignarnar UBR. Færsla til einstakra samninga fer fram í hlutfalli heildarupphæðar inneignar hvers samnings við heildarupphæð inneigna allra samninga með kröfurétt. Sem inneign telst þá meðalvirði endurkaupsverðs við upphaf og lok hvers tryggingarárs.

dd) Útreikningur raunverulegs matsvirðisauka með reglulegu millibili

Með ákveðnu millibili er raunverulegur matsvirðisauki reiknaður út. Millibilin eru birt í viðauka ársskýrlunnar. Þeim er aðeins hægt að breyta ef nauðsyn krefur vegna breyttra laga eða réttarreglna eða breytra tæknilegra forsendna.

ee) Úthlutun og nýting

Samkvæmt tilfærslunni í § 10 (3) b) cc) er raunverulegum matsvirðisauka (sbr. § 10 (3) b) dd) ) úthlutað og hann nýttur samkvæmt § 10 (1) b).

c) Hækkandi hagnaðarlífeyrir á endurgreiðsluskeiðinu

Hækkandi hagnaðarlífeyrir sem bætist við á endurgreiðsluskeiðinu er ákveðinn í samningi þínúm með föstu prósentustigi af umsömdum lífeymi. Með þessu prósentustigum fæst hæð lífeysis við lífeyrisgreiðslubyrjun. Prósentustig verður einnig ákveðið fyrir seinni hækkanir heildarlífeyrisins.

d) Ákvörðun prósentustiga

Stjórn okkar ákveður prósentustigin árlega að tillögu ábyrgs tryggingafræðings.

e) Upplýsingar um hagnaðarhlutdeild

Við upplýsum þig um þróun hagnaðarhlutdeilda á grundvelli uppgefinna prósentustiga og prósentuhluta við samningsgerð svo og prósentustigin sjálf við lok samningsgerðar. Gagnstætt greiðslum úr endurgreiðslukröfu (sbr. § 9) getum við ekki ábyrgst hagnaðarhlutdeildina þar sem hún er háð hagnaðarþróun í framtíðinni. Við upplýsum þig árlega um stöðu hagnaðarhlutdeildarinnar. Í þeiri tilkynningu koma einnig fram prósentustigin sem hagnaðarhlutdeildin byggist á.

(4) Fjárfesting / tekjur.

a) Fjárfestingar í tryggingareign UBR

Trygging allra tryggingartæknilegra varasjóða, sem nauðsynlegir eru fyrir iðgjaldsendurgreiðslu og hagnaðarhlutdeild, fer fram með viðeigandi fjárfestingum.

Þessar fjárfestingar eru dregnar saman í tryggingareigninni UBR.

b) Tekjur af tryggingareigninni UBR

Fjármagnstekjur sem skapast af fjárfestingum tryggingareignarinnar UBR leggjum við í tryggingareignina UBR að frádeginum kostnaði við eignastýringuna.

c) Nýting tekna fyrir tryggingartaka

aa) Af fjármagnstekjum sem fást af tryggingareigninni UBR notum við - ef þær samsvara varasjóði fjármögnuðum af iðgjöldum (sbr. § 10 (1)) - minnst 90% í greiðslur til tryggingartaka. Frá því dregst sá hluti sem nota þarf fyrir þegar ákveðnar greiðslur og útorganir úr matsvirðisauka ef þær eru hærri en lokahagnaðarréttindin úr honum. Eftirstöðvarnar nýtum við til hagnaðarhlutdeildar tryggingartaka.

bb) Arðinn sem notaður er til hagnaðarhlutdeildar tryggingartaka leggjum við í varasjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslu (RfB) eða færum hann beint til tekna á einstaka samninga.

cc) Upphæðirnar sem lagðar eru í varasjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslu (RfB) megum við yfirleitt aðeins nota til hagnaðarhlutdeildar tryggingartaka. Með samþykki eftirlitsyfirlvalda getum við í undantekningartilvikum gripið til varasjóðs fyrir iðgjaldsendurgreiðslu hinum tryggðu í hag til að koma í veg fyrir neyðarástand (t.d. til að bæta tap).

d) Úttekt úr tryggingareigninni UBR

Ef fjármagn er tekið úr tryggingareigninni UBR er þávirði þess fært henni til tekna.

e) Efrirlit með tryggingareigninni UBR

Tryggingareignin UBR er undir eftirliti óháðs fjárhaldsmanns.

## § 11 Hvenær og hvernig verður tryggðri

iðgjaldsendurgreiðslu breytt í

iðgjaldsfríu tryggingu?

(1) Forsendur breytingar

Ef iðgjaldsgreiðslu lýkur fyrir umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun vegna þess að

- þú hefur samið um það við okkur eða
- slysatryggingunni var sagt upp

breytum við tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu í iðgjaldsfríu tryggingu. Ef iðgjöld voru greidd í einu lagi (einstök greiðsla) og slysatryggingunni lýkur með uppsögn greiðum við út afgangsupphæð tafarlausrar innstæðu, bónuskröfur samkvæmt § 10 (3) a) dd) og lokahagnaðarréttindi samkvæmt § 10 (3) a) ee).

(2) Hæð iðgjaldsfrírrar tryggingar

Hæð iðgjaldsfrírrar tryggingar samsvarar áunninni endurgreiðslukröfu við lok iðgjaldagreiðslu (sbr. § 9 (1) c)). Umsaminn lifeyrir við lifun er skertur í hlutfalli hæðar iðgjaldsfrírrar tryggingar við áunna endurgreiðslukröfu við umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun án uppsagnar.

Nánari upplýsingar um greiðslur úr iðgjaldsfríu tryggingunni getur þú fengið í "Viðbótartryggingarupplýsingum um slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu."

(3) Reglur um lágar upphæðir

Ef upphæð samkvæmt § 11 (2) fyrir iðgjaldsfríu trygginguna er lægri en 1000 EUR helst samningurinn ekki áfram heldur eru kröfurnar greiddar með útborgun endurkaupsvirðisins samkvæmt § 12.

## § 14 Hvenær og í hvaða hæð getur þú krafist

endurkaupsvirðis úr tryggðu iðgjaldsendurgreiðslunni?

(1) Forsendur fyrir útborgun endurkaupsvirðisins

þú getur aðeins krafist útborgunar

endurkaupsvirðisins til loka

sparnaðarskeiðsins og aðeins ef tryggð

iðgjaldsendurgreiðslunni hefur áður þegar

verið breytt í iðgjaldsfríu tryggingu (sjá um

það § 11 (1)). Með útborgun

endurkaupsvirðisins eru kröfur sem falla

fyrst í gjalddaga við lifun eða fráfall

greiddar fyrir tímann; hlutagreiðsla er

möguleg ef óskað er.

(2) Hæð endurkaupsvirðis

Endurkaupsvirðið er reiknað sem bótaþöfuðstóll iðgjaldsfríu lífeyristryggingarinnar.

Þá eru notaðir viðmiðunarvextir iðgjaldaútreikningsins með frádrætti sem nemur 4%. Útborgun endurkaupsvirðisins hefur ókostí í för með sér. Endurkaupsvirðið er lægra en áunni endurgreiðslukrafa. Nánari upplýsingar um hæð endurkaupsvirðis getur þú fengið í "Viðbótartryggingarupplýsingum um slysatryggingu með tryggðri iðgaldsendurgreiðslu" sem þér var afhent við lok samningsgerðarinnar.

(3) Áunnar bónuskröfur  
Fyrir þegar áunnar bónuskröfur gilda § 12 (1) og § 12 (2) eftir því sem við á. Greiðsla fyrir tímann er aðeins möguleg sameiginlega með endurgreiðslukröfu.

(4) Matsvirðisauki  
Með útborgun endurkaupsvirðis er matsvirðisauka sem færður var til samnings þíns einnig úthlutað og hann greiddur út (sbr. § 10 (3) b) ee).

### **§ 13 Hvernig er tekið tillit til samningsgerðarkostnaðar við samning þinn?**

Við útreikning bótahöfuðstóls er tekið tillit til kostnaðar sem verður við samningsþyrjun. Millifærsluaðferðin sem tilgreind er í § 4 í Bótasjóðsreglugerðinni (Zillméraðferð) er einnig notuð við samning þinn. Þetta hefur engin áhrif á heildarupphæð iðgaldsfrírrar tryggingar og á endurkaupsvirði.

### **Útborganir úr iðgaldsendurgreiðslunni**

#### **§ 14 Hver fær útborgunina úr iðgaldsendurgreiðslunni?**

(1) Við lifun og við endurkaup er útborgunin greidd til þín, ef þú hefur ekki samið við okkur um annað.

(2) Við fráfall er útborgunin greidd til þess einstaklings sem þú hefur í þessu tilfelli tilgreint sem þann tryggingarþega sem á að eignast kröfurnar úr iðgaldsendurgreiðslunni.  
Hafir þú ekki tilgreint neinni tryggingarþega greiðum við til þín eða erfingja þinna.  
Hafi þegar verið greidd útborgun úr iðgaldsendurgreiðslunni skerðist krafa úr iðgaldsendurgreiðslunni við fráfall sem því nemur.

#### **§ 15 Hvaða merkingu hefur tryggingarskírteinið og hvers ber annars að gæta við útborgun úr iðgaldsendurgreiðslunni?**

(1) Við greiðum endurkaupsvirðið og áunna endurgreiðslukröfu við fráfall eða nýtingu höfuðstólsvalréttar gegn framvísun tryggingarskírteinisins. Við getum talið handhafa tryggingarskírteinisins réttbæran til að taka við greiðslum. En við getum einnig krafist þess að handhafi tryggingarskírteinisins sanni rétt sinn. Við getum einnig krafist sönnunar fyrir síðustu iðgaldsgreiðslu.

(2) Ef ekki er hægt að framvísa tryggingarskírteininu verður kröfuhafinn að leggja fram aðra sönnun fyrir rétti sínum.

(3) Fráfall hins iðgaldsendurgreiðslutryggða skal tilkynna okkur tafarlaust. Þá ber að afhenda okkur opinbert dánarvottorð. Við fráfall af slysförum ber að auki að fara eftir § 6 (5).

### **Samningstíminn**

#### **§ 16 Fyrir hve langan tíma gildir samningurinn?**

(1) Þú gerir tryggingarsamninginn við okkur fyrir tímann frá upphafi samningstímans til fráfalls hins iðgaldsendurgreiðslutryggða. Nánari upplýsingar færðu í tryggingarskírteininu.

(2) Hægt er að semja um að tímalengd slysatryggingarinnar og iðgjaldagreiðslutíminn komi ekki heim við tímalengd sparnaðarskeiðsins.

#### **§ 17 Hvenær hefst tryggingarverndin?**

Tryggingarverndin hefst á þeim tíma sem um var samið. Hafi ekki verið samið um tíma byrjar tryggingarverndin með gerð samningsins. Tryggingarverndin byrjar þá fyrst þegar þú greiðir fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma í skilningi § 23 (3).

#### **§ 18 Hvenær lýkur tryggingarsamningstímanum?**

Tryggingarsamningum lýkur

- við fráfall hins iðgjaldsendurgreiðslutryggða
- við umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun ef höfuðstólsvalréttur er nýttur
- ef slysatryggingunni var lokið með samkomulagi eða uppsögn á sparnaðarskeiðinu og ef kröfurnar úr iðgjaldsendurgreiðslunni voru auk þess greiddar með útborgun endurkaupsvirðisins fyrir tímann

#### **§ 19 Hvenær lýkur slysatryggingunni?**

(1) Slysatryggingunni lýkur á umsöndum tíma, í síðasta lagi við umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun.

(2) Einnig er hægt að ljúka henni fyrr með skriflegri uppsögn:  
af þinni hálfu við lok tryggingarársins;  
uppsögnin verður að hafa borist okkur í síðasta lagi þremur mánuðum fyrir þann tíma;  
af okkar hálfu, ef þú ert í vanskilum með framhaldsiðgjald samkvæmt § 25 (4).

(3) Uppsögn samkvæmt þessu þarf að vera skrifleg, hvort sem hún er af þinni eða okkar hálfu. Uppsögn með tölvupósti telst ekki vera skrifleg.

#### **§ 20 Á hvaða forsendum er hægt að segja upp slysatryggingunni eftir bótamál?**

Eftir að til bótamáls kemur getur hvor samningsaðili fyrir sig sagt upp tryggingarsambandinu.  
Uppsögnin verður að hafa borist þér eða okkur í síðasta lagi einum mánuði eftir bóttagreiðslu eða – ef um málarekstur er að ræða – eftir að kæra er dregin til baka, krafa viðurkennd, sátt hefur náðst eða dómur hefur tekið gildi. Uppsögn samkvæmt þessu ákvæði þarf að vera í skriftarformi. Uppsögn með tölvupósti telst ekki vera í skriftarformi. Ef þú segir upp tekur uppsögnin gildi jafnskjótt og hún hefur borist okkur. Þú getur þó ákvæðið að uppsögnin taki gildi síðar en þó í síðasta lagi í lok yfirstandandi tryggingarárs.

Uppsögn af okkar hálfu tekur gildi einum mánuði eftir að hún hefur borist þér.

#### **§ 21 Hvað gerist ef slysatryggingunni er lokið fyrir lok samningstímans?**

(1) Ef slysatryggingunni er lokið samkvæmt § 19 eða § 20 lýkur einnig iðgjaldsgreiðslu á sama tíma.

(2) Ákvæði um það hvenær og hvernig tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu er breytt í iðgjaldsfria tryggingu eru í § 11.

#### **§ 22 Hvað gerist í hernaði?**

(1) Tryggingarvernd hins tryggða í slysatryggingunni verður óvirk jafnskjótt og hann hefur þjónustu í her eða álíka stofnun sem tekur þátt í stríði eða hernaði milli landanna Bandaríkjanna, Frakklands, Japans, Kína, Rússlands, Stóra-Bretlands eða

Þýskalands. Tryggingarverndin verður aftur virk um leið og okkur hefur borist tilkynning frá þér um að þjónustunni sé lokið.

(2) Tryggða iðgjaldsendurgreiðslan helst áfram iðgjaldsfrí með áunninni endugreiðslukröfum svo lengi sem tryggingarverndin í slysatryggingunni er óvirk. Umsamin lífeyrisgreiðslubyrjun freast um þann tíma sem hún er óvirk. Ef hinn tryggði fellur frá á þessum tíma er í stað endurgreiðslukröfunnar greitt þávirði iðgjaldsfrí tryggingarinnar reiknað eftir viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar. Bætur við alvarleg slys á endurgreiðsluskeiðinu falla niður á þessum tíma.

## Tryggingariðgjald

### § 23 Hvers þarf þú að gæta við iðgjaldsgreiðslu?

(1) Iðgjald og tryggingarskattur.  
Í iðgjaldinu, sem fært er þér til gjalda, er innifalinn tryggingarskattur sem þér ber að greiða í þeiri hæð sem ákveðin er með lögum hverju sinni.

(2) Gjalddagi tryggingariðgjalfa  
Fyrsta eða einstakt iðgjald ber að greiða tafarlaust eftir gerð samningsins, þó ekki fyrr en á þeim tíma sem við söndum um við þig sem upphaf tryggingarverndarinnar. Ef samið er um greiðslu ársiðgjalds með afborgunum gildir aðeins fyrsta afborgun sem fyrsta iðgjald. Framhaldsiðgjöldin falla í gjalddaga, hafi ekki um annað samist, á fyrsta degi hvers mánaðar á umsömdu greiðslutímabili.

(3) Greitt á réttum tíma  
Iðgjaldsgreiðslan er á réttum tíma ef þú gerir tafarlaust allt fyrir gjalddaga til að greiðslan berist okkur. Hafir þú veitt innheimtuheimild (skuldfærsla) telst greiðslan innt af hendi á réttum tíma ef við getum innheimt iðgjaldið á gjalddaga og þú andmælir ekki réttmætri innheimtu. Ef við getum ekki innheimt gjaldfallið iðgjald og eigr þú ekki sök á því er greiðslan þá líka á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir að við höfum hvatt þig til greiðslu í textaformi, t.d. með bréfi, faxi eða tölvupósti.

(4) Greiðslur utan skuldfærslukerfis eftir árangurslausa innheimtu  
Ef við getum ekki innheimt gjaldfallið iðgjald og berir þú ábyrgð á því höfum við rétt til að krefjast þess að greiðsla fari framvegs fram utan skuldfærslukerfisins.

(5) Ábyrgð  
Millifærsla iðgjaldsins fer fram á þína ábyrgð og þinn kostnað.

### § 24 Hvað gildir ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma?

(1) Tryggingarverndinni stofnað í hætta  
Byrjun tryggingarverndarinnar er háð því að iðgjaldið sé greitt á réttum tíma, sjá þar um § 17. Ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma gildir tryggingarverndin því fyrst frá þeim tíma þegar þú greiðir iðgjaldið. Við erum ekki skyldug til greiðslu í bótamálum sem upp koma á tímabilinu þar á milli. Bótaskylda okkar gildir ef þú sannar að þú berir ekki ábyrgð á greiðslufallinu. Við getum aðeins talið okkur laus undan greiðsluskylldu ef við höfum bent þér á þessi réttaráhrif iðgjaldsgreiðslufalls í textaformi eða með áberandi ábendingu í tryggingarskíteininu.

(2) Riftunarheimild tryggjandans  
Ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma getum við rift samningnum svo lengi sem þú hefur ekki innt greiðsluna af hendi. Riftunarrétturinn er útilokaður ef þú sannar að þú berir ekki ábyrgð á greiðslufallinu.

### § 25 Hvað gildir ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma?

(1) Vanskil  
Ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma eru komin/n í vanskil án frekari greiðsluáskorana. Vanskil verða ekki ef greiðsla fellur niður vegna aðstæðna sem þú berð ekki ábyrgð á. Komi til vanskila höfum við rétt til þess að krefjast bóta fyrir tjón sem við verðum fyrir vegna vanskilanna.

(2) Frestir  
Greiðir þú ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma getum við veitt þér greiðslufrest á þinn kostnað í textaformi (t.d. í bréfi, faxi eða tölvupósti). Greiðslufresturinn verður

að nema að minnsta kosti tveimur vikum.

(3) Engin tryggingarvernd ef frestur er ekki nýttur

Í bótamálum sem koma upp eftir að veittur frestur rennur út gildir engin tryggingarvernd ef þú ert enn í vanskilum með greiðsluna þegar til bótamálsins kemur. Forsenda er að við höfum bent þér á þessi réttaráhrif þegar fresturinn var veittur.

(4) Uppsagnarréttur ef frestur er ekki nýttur

Eftir að veittum greiðslufresti er lokið getum við sagt samningnum upp án frekari uppsagnarfrests ef þú ert enn í vanskilum með iðgjöld, vexti og kostnað. Forsenda er að við höfum bent þér á þessi réttaráhrif þegar fresturinn var veittur. Við getum tilkynnt um uppsögnina um leið og fresturinn er veittur. Hún tekur þá sjálfkrafa gildi þegar fresturinn rennur út, ef þú ert þá enn í vanskilum með greiðsluna. Við munum einnig benda þér á þessi réttaráhrif.

(5) Framhald slysatryggingarinnar með greiðslu iðgjalds eftir uppsögn

Þú getur líka greitt upphæðina sem krafist er eftir á, eftir að uppsögn okkar hefur tekið gildi. Eftirgreiðslan getur aðeins farið fram innan eins mánaðar frá uppsögninni eða, ef uppsögnin var þegar tilgreind begar fresturinn var veittur, innan eins mánaðar frá því fresturinn rann út. Ef þú greiðir innan þessara tímamarka, fellur uppsögnin úr gildi og tryggingarverndin heldur áfram. Fyrir bótamáli sem upp koma frá því að greiðslufresturinn rann út og þangað til greiðsla berst gildir þó engin tryggingarvernd.

(6) Skrifleg uppsögn

Uppsögn samkvæmt þessum ákvæðum skal vera skrifleg. Uppsögn með tölvupósti fullhægir ekki kröfum um að hún skuli vera skrifleg.

## § 26 Hvaða greiðslu skuldar þú okkur við samningslok fyrir tímann eða ógildingu samnings?

Ljúki slysatryggingunni fyrir tímann, getum við – svo framarlega sem lög kveði ekki á um annað – aðeins krafist þess hluta iðgjaldanna, sem samsvarar því tímabili þegar tryggingarvernd var í gildi. Önnur lagaleg ákvæði eiga einkum við ef við riftum samningnum vegna brots á tilkynningaskyldu þinni eða vefengjum hann vegna svíksamlegra blekkinga. Í þessum tilvikum getum við krafist umsamins iðgjalds þangað til uppsagnar- eða vefengingaryfirlýsing okkar berst. Þetta gildir líka ef tryggingarverndin í þessum tilvikum fellur niður afturvirk. Riftum við samningnum vegna þess að fyrsta eða einstakt iðgjald er ekki greitt á réttum tíma, getum við krafist sanngjamrar umsýslupóknunar.

## Önnur ákvæði

### § 27 Hvernig er réttarstaða samningsaðila innbyrðis?

(1) Ef tryggingin er tekin gegn slysum sem annar verður fyrir (trygging annars aðila) hefur þú en ekki hinn tryggði réttinn til að nýta réttindin samkvæmt samningnum. Ásamt hinum tryggða ert þú ábyrgur fyrir að skyldur séu uppfylltar.

(2) Öllum ákvæðum, sem gilda fyrir þig, ber að beita við löglegan arftaka þinn og aðra kröfuhafa eftir því sem við á.

(3) Kröfur úr slysatryggingunni og úr iðgjaldsendurgreiðslunni er hvorki hægt að framselja né veðsetja án sampykks okkar.

(4) Veiting og afturköllun bótaþegaréttar gilda hvað okkur varðar aðeins og fyrst þá ef þú hefur tilkynnt okkur um það skriflega í lifanda lífi hins tryggða..

### § 28 Hvað merkir tilkynningaskylda fyrir samningsgerð í skilningi laganna?

(1) Upplýsingaskyldur

Fram að afhendingu samningsyfirlýsingar þinnar ber þér skylda til þess að tilkynna okkur sannleikanum samkvæmt og undandráttarlaust um allar aðstæður sem skipta máli fyrir áhættumat, sem bér eru kunnar og við höfum spurt um í textaformi. Þær aðstæður skipta máli fyrir áhættumat sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun okkar um að gera samninginn með umsömu efni.

Ef við spyrjum í textaformi eftir samningsyfirlýsingu þína en fyrir samningssamþykki um aðstæður sem skipta máli fyrir áhættumat ber þér sömuleiðis skylda til að veita þær upplýsingar.

Ef samningurinn er gerður af umboðsmanni þínum og hann veit um aðstæður, sem skipta máli fyrir áhættumat, eða sýni hann svíksamlega háttsemi, verður komið þannig fram við þig eins og þú hefðir haft vitneskju um þær eða þagað um þær á svíksamlegan hátt.

(2) Neikvæð réttaráhrif brota á tilkynningaskyldu

Ahrif brota á tilkynningaskyldu byggja á §§ 19 til 22 tryggingasamningalaga (VVG)

Á þeim forsendum sem þar eru nefndar getum við rift tryggingarsamningnum, verið undanþegin bótaskyldu, sagt tryggingunni upp, vefengt hana vegna svíksamlegra blekkinga eða haft rétt til bess að breyta samningnum.

Við höfum aðeins rétt til riftunar, uppsagnar eða samningsaðlögunar ef við höfum bent þér sérstaklega á áhrif brots á upplýsingaskyldu í textaformi.

Úr iðgjaldsendurgreiðslunni færð þú endurkaupsvirðið sem reiknað er út fyrir riftunartímann (§ 12). Ef iðgjöld voru greidd í einu lagi (einstök greiðsla) greiðum við að auki út afgangsupphæð tafarlausrar innstæðu reiknaða út á riftunartímanum, bónuskröfur samkvæmt § 10 (3) a) dd) og lokahagnaðarréttindi samkvæmt § 10 (3) a) ee).

Með útborgun tafarlausrar innstæðu er matsvirðisauka sem færður var til tafarlausrar innstæðu einnig úthlutað og hann greiddur út (sbr. § 10 (3) b) ee)).

Þú getur ekki krafist endurgreiðslu iðgjalda sem greidd voru til þess tíma.

Ákvæði um það hvenær og hvernig tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu er breytt í iðgjaldsfríu tryggingu við uppsögn okkar eru í § 11.

(3) Uppsagnarréttur tryggingartaka við samningsaðlögun

Ef við lækkum tryggingarupphæðir slysatryggingarinnar um meira en 10% innan ramma samningsbreytingar eða útilokum áhettuaðstæður sem ekki var upplýst um úr tryggingunni getur þú sagt tryggingunni upp samkvæmt § 19 málsgrein 6 í tryggingasamningalögum (VVG). Ákvæði um það hvenær og hvernig tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu er breytt í iðgjaldsfríu tryggingu eru í § 11.

(4) Skrifleg nýting samningsgerðarréttar

Nýting samningsgerðarréttar samkvæmt þessum ákvæðum (riftun, uppsögn, vefenging eða samningsbreyting) skal vera skrifleg, hvort heldur þú eða við nýtum samningsgerðarréttinn. Nýting samningsgerðarréttar með tölvupósti fullnægir ekki kröfum um að hún skuli vera skrifleg.

## § 29 Hvenær fyrnast samningsbundnar kröfur samkvæmt lögum?

(1) Fyrningarrestur og ráðandi lagaleg fyrirmæli

Kröfur úr tryggingarsamningnum fyrnast samkvæmt § 195 einkamálaréttar (BGB) á þremur árum. Um einstök atriði varðandi upphaf, lengd og hlé á fyrningunni fer samkvæmt §§ 195 til 213 BGB.

(2) Fyrningarhlé meðan á prófun bótaskyldu okkar stendur

Ef þú hefur tilkynnt okkur um kröfu byggða á tryggingarsamningnum verður hlé á fyrningunni fram að þeim tíma er þér berst ákvörðun okkar í textaformi (til dæmis bréf, fax, tölvupóstur).

## § 30 Hvar er hægt að bera fram kröfur fyrir rétti?

(1) Dómstóll með lögsögu á vettvangi fyrir kröfur tryggingartaka

Þú getur lagt fram kærur byggða á tryggingarsambandinu við dómstól sem hefur lögsögu þar sem við höfum aðsetur eða þá útibú okkar sem annast þín mál.

Þú getur líka lagt fram kærur fyrir þýskum dómstól sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili þegar krafan er lögð fram, eða ef ekki er um lögheimili að ræða, þar sem þú dvelst vanalega. Ef þú ert lögaðili ræðst þýska lögsagnarumdæmið af starfsstöð þinni. Ef fleiri varnarþing koma til greina lögum samkvæmt getur þú líka lagt fram kærur þar.

(2) Dómstóll með lögsögu á vettvangi fyrir kröfur tryggjanda

Við getum lagt fram kærur á hendur þér byggðar á tryggingarsambandinu hjá dómstóli í því lögsagnarumdæmi þar sem þú átt lögheimili þegar krafan er lögð fram eða ef ekki er um lögheimili að ræða þar sem þú dvelst vanalega. Ef þú ert lögaðili ræðst lögsagnarumdæmið af starfsstöð þinni.

(3) Óþekkt lögheimili eða starfsaðsetur tryggingataka

Ef lögheimili þitt er óþekkt þegar kæra er lögð fram og ef enginn vanalegur dvalarstaður í þýskalandi er þekktur getum bæði þú og við aðeins lagt fram kærur, sem tengast tryggingarsambandinu, hjá þeim dómstól sem hefur lögsögu þar sem við erum með aðsetur eða útibú okkar sem annast mál þín. Þetta gildir á hliðstæðan hátt ef þú ert lögaðili og starfsstöð þín er óþekkt.

(4) Tryggingartakar utan Evrópusambandsins, Íslands, Noregs eða Sviss

Eigir þú, þegar krafan er lögð fram, ekki lögheimili eða starfsstöð í einu aðildarríkjum Evrópusambandsins, Íslandi, Noregi eða Sviss, getum bæði þú og við aðeins lagt fram kröfur sem tengast tryggingarsambandinu hjá þeim dómstól sem hefur lögsögu þar sem við erum með aðsetur eða útibú okkar sem annast mál þín.

(5) Skaðlegt tilvik erlendis

Eigir þú við samningsgerð lögheimili þitt eða venjulegan dvalarstað í þýskalandi og komi tryggt skaðlegt tilvik upp erlendis er aðeins hægt að leggja fram kærur í þessu samhengi fyrir þýskum dómstól.

## § 31 Hvað gildir um tilkynningar þínar og yfirlýsingar, sem snerta

## **tryggingarsambandið?**

Tilkynningar og yfirlýsingar, sem snerta tryggingarsambandið, geta haft viðtæk áhrif. Þær ættu einnig að vera í textaformi eða skriflegar þótt hvorki lög né tryggingarsamningurinn geri ráð fyrir því formi.

## **§ 32 Hvað gildir lögum samkvæmt ef þú tilkynnir okkur ekki um breytingar á póstfangi þínu eða nafni?**

(1) Afleiðingar ef tilkynning er vanrækt

Ef þú hefur ekki tilkynt okkur um breytingu á póstfangi þínu eða nafni þínu, nægir að senda viljafyrlysing, sem þér er ætluð, í ábyrgðarbréfi á það heimilisfang þitt sem okkur var síðast kunnugt með því nafni sem okkur var síðast kunnugt.. Yfirlýsing okkar telst komin til skila þremur dögum eftir að bréfið var sent.

(2) Flutningur starfsstöðvar þinna

Ef þú hefur gefið upp póstfang atvinnufyrirtækis þíns fyrir trygginguna gildir (1) á hliðstæðan hátt við flutning starfsstöðvarinnar.

## **§ 33 Hvaða lög gilda?**

Um þennan samning gilda þýsk lög.

## **§ 34 Yfir hvaða greiðslur nær tímareikningur þinn við atvinnuleysi eða óvinnufærni?**

(1) Forsendur

Þú ert

- lengur en sex vikur frá vinnu vegna veikinda eða þú ert á atvinnuleysisbótum og
- slysatryggingarvernd var í gildi þegar tilkynning barst um óvinnufærni þína eða atvinnuleysi og
- í samningi þínum var kveðið á um reglulegar iðgjaldagreiðslur og samningur þinn hafði á þeim tíma verið í gildi í minnst tólf mánuði og
- þú ert ekki orðin(n) fullra 65 ára og
- ert ekki komin(n) fram yfir hámarkstímalengd tímareiknings þíns (sbr. § 34 (2) b)).

(2) Greiðslur

a) Iðgjaldsfrí slysatrygging

Ef þú sækir um það verður slysatryggingarvernd þinni haldið áfram í takmarkaðan tíma án frekari iðgjaldagreiðslu í sama umfangi og áður (iðgjaldsfrí slysatrygging). Þú færð tilboð um iðgjaldsfría slysatryggingu. Óvinnufærni þín eða atvinnuleysi og hvenær það ástand hófst skal staðfest með undirskrift. Við höfum rétt til þess að krefjast viðeigandi sönnunar af þér. Ef gefnar eru rangar upplýsingar gildir engin iðgjaldsfrí slysatryggingarvernd innan ramma tímareikningsins.

b) Tímareikningur

Á samningstímanum getur þú margssinnis gert tilkall til iðgjaldsfrírrar slysatryggingar, samtals í allt að 24 mánuði. Hún er þér til ráðstöfunar í allt að sex mánuði fyrir hvert bótamál og allt að tólf mánuði ef samningur þinn hefur verið minnst þrjú ár í gildi.

(3) Byrjun iðgjaldsfrí slysatryggingarinnar

Iðgjaldsfría slysatryggingin hefst með næsta iðgjaldsgjalddaga eftir tilkynningu þína þar sem iðgjald hefur ekki verið greitt.

Á gildistíma iðgjaldsfríu slysatryggingarinnar ber ekki að greiða nein iðgjöld.

(4) Lok iðgjaldsfríu slysatryggingarinnar

Iðgjaldsfríu slysatryggingunni lýkur á næsta gjalddaga eftir að óvinnufærni þinni eða atvinnuleysi lýkur, í síðasta lagi við lok frestanna sem tilgreindir eru í § 34 (2) b).

Iðgjaldsgreiðsluskyldan verður aftur virk þegar iðgjaldsfríu slysatryggingunni lýkur; þess vegna verður þú að tilkynna okkur um lok óvinnufærni þinna eða atvinnuleysis.

(5) Áhrif á greiðslur iðgjaldsendurgreiðslunnar

Iðgjaldsendurgreiðsla við fráfall gegnum áunna endurgreiðslukröfu helst í gildi. Allar tímasetningar sem tilgreindar eru í "Viðbótartryggingarupplýsingum um slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu" freast um gildistíma iðgjaldsfríu slysatryggingarinnar.

## **§ 35 Hvaða sérstakar reglur gilda um**

**tilteknar gjaldskrá?**

**Um slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu  
fyrir ungt fólk samkvæmt gjaldskrá III J**

**og fyrir fullorðna samkvæmt gjaldskrá III FM og einnig fyrir slysalífeyrisgreiðslu (Unfallrente) með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu gilda sérstök ákvæði.**

(1) Eiginfjármögnun.

a) Forsendur.

Á iðgjaldsgreiðslutímanum verður hinn tryggði fyrir slysi sem samkvæmt ákvæðum í § 2 (1) a) og § 2 (1) b) aa) og samkvæmt § 3 leiðir til örorku sem nemur minnst

- 70% fyrir lok 25. aldursárs
- 80% fyrir lok 50. aldursárs
- 90% frá lokum 50. aldursárs

og slysatryggingarvernd er í gildi á þeim tíma þegar slysið verður.

b) Greiðslur.

aa) Lok iðgjaldsgreiðslu

Með reglubundnum iðgjaldsgreiðslum lýkur iðgjaldsgreiðslum frá næsta iðgjaldsgjalddaga eftir slysdaginn. Ef iðgjöld voru greidd í einu lagi (einstök greiðsla) greiðum við út afgangsupphæð tafarlausrar innstæðu reiknaða út til slysdagsins, bónuskröfur samkvæmt § 10 (3) a) dd) og lokahagnaðarrétindi samkvæmt § 10 (3) a) ee).

bb) Iðgjaldsendurgreiðsla

Kröfurnar úr iðgjaldsendurgreiðslunni þróast áfram fram að umsömdum samningslokum eins og iðgjöldin væru greidd eins og umsamið var.

cc) Slysatryggingarvernd

Við höldum slysatryggingunni áfram til umsamins tíma í sömu hæð og fyrr.

## **§ 36 Á hvaða forsendum er er skilmálaaðlögun leyfileg?**

(1) Ógilding ákvæðis

Hafi ákvæði í Almennu tryggingarskilmálunum verið lýst ógilt

- samkvæmt úrskurði æðsta dómsstigs eða
- samkvæmt gildri stjórnsýsluaðgerð

höfum rétt til þess að breyta viðkomandi ákvæði, bæta við það eða setja annað í stað þess ef forsendur eftirfarandi málsgreina eru til staðar.

(2) Ákvæði sem aðlaga má

Aðlögun kemur aðeins til greina fyrir ákvæði um viðfang og umfang tryggingar, útilokanir, skyldur eftir samningsgerð, iðgjaldsaðlögun, samningstíma og uppsögn.

(3) Uppbótarlaus ógilding ákvæðis ekki í þágu málsaðila

Forsenda aðlögunarinnar er að í lagalegu fyrirmælunum felist engar reglur sem fylla í eyðuna og að uppbótarlaus ógilding ákvæðisins sé ekki hæfileg, sanngjörn lausn í anda hefðbundinna hagsmuna samningsaðila.

(4) Inntak nýskipanarinnar

Aðlögunin fer fram eftir reglum um hliðstæða samningstúlkun. Það merkir að í stað ógiltu skilmálanna komi sú nýja skipan, sem samningsaðilar hefðu valið sem hæfilega og sanngjarna lausn með tilliti til hefðbundinna hagsmuna sinna, hefði þeim verið kunnugt um ógildingu skilmálanna á þeim tíma þegar samningurinn var gerður.

(5) Aðlögunarheimild við ógildingu ákvæðis annars tryggjanda

Aðlögunarheimild okkar gildir einnig þá, með áðurnefndum skilyrðum, um ákvæði með sama meginnefni ef úrskurðir dómstóla og yfirvalda beinast gegn slíkum ákvæðum hjá örðrum tryggjendum.

(6) Framkvæmd skilmálaaðlögunar

Við kynnum þér aðlöguð ákvæði í textaformi og skýrum þau. Þau teljast samþykkti ef þú andmælir ekki í textaformi innan sex vikna eftir kynninguna (andmæli í tölvupósti teljast ekki vera skrifleg.) Við kynninguna bendum við þér skýrt á það. Til að virða frestinn nægar að senda andmælin í tæka tíð. Ef þú andmælir innan tilgreinds frests tekur skilmálaaðlögunin ekki gildi. Innan sex vikna eftir að andmælin berast okkur getum við sagt slysatryggingunni upp skriflega með 8 vikna fyrirvara í lok hvaða mánaðar sem er, ef það er óaðgengilegt fyrir okkur að halda áfram með samninginn án aðlögunar. Tölvupóstur fullnægir ekki kröfum um skriftarform.

Ákvæði um það hvenær og hvernig tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu er breytt í iðgjaldsfríu tryggingu eru í § 11.

## **Sérstakir skilmálar um viðbótargreiðslur í slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu (BB Allianz AB UBR 2008)**

Ef tryggðar eru örorkubætur samkvæmt § 2 (1) í Allianz AB UBR 2008 greiðum við að auki viðbótargreiðslur sem lýst er hér á eftir án viðbótariðgjalds.

Ef í gildi er fleiri en ein slysatrygging fyrir hinn tryggða hjá Allianz tryggingarfélaginu hf, er aðeins hægt að krefjast viðbótargreiðslna úr einum þessara samninga.

### **§ 1 Lýtaaðgerðir.**

(1) Forsendur fyrir greiðslum

a) Hinn tryggði hefur gengist undir lýtaaðgerð eftir slys sem fellur undir tryggingarverndina.

Sem lýtaaðgerð telst læknismeðferð eftir lok lækningsameðferðar í þeim tilgangi að bæta úr útlitsgöllum hins tryggða af völdum slyssins.

b) Lýtaaðgerðin fer fram innan þriggja ára eftir slysið, við slys á ólögráða einstaklingum fyrir lok 21. aldursárs.

c) Þriðji aðli er ekki bótaskyldur eða neitar bótaskyldu sinni.

(2) Tegund og hæð greiðslu.

Við greiðum samtals bætur allt að hæð umsaminnað tryggingarupphæðar fyrir sannaðan

- lækniskostnað og annan aðgerðarkostnað
- nauðsynlegan kostnað fyrir dvöl og fæði á sjúkrahúsi.

Við greiðum ekki bætur fyrir tannviðgerðir og gervitennur.

### **§ 2 Björgunarkostnaður.**

(1) Tegund greiðslna

Eftir slys sem fellur undir tryggingarverndina bætum við fyrir kostnað

við leitar- eða björgunaraðgerðir björgunarsveita sem skipulagðar eru af hinu opinbera eða einkaaðilum ef vanalegt er að taka gjald fyrir þær.

Þennan kostnað bætum við líka ef slysið var beinlínis yfir vofandi eða aðstæður bentu í raun til að það yrði.

Við bætum kostnað við flutning hins slasaða að fyrirmælum læknis á sjúkrahús eða sérhæft sjúkrahús.

Við bætum aukakostnað við heimferð hins slasaða þangað sem hann býr að staðaldri, ef aukakostnaðurinn hlýst af fyrirmælum læknis eða var óumflýjanlegur vegna eðlis meiðslanna.

Við fráfall af slysförum bætum við kostnað við flutning þangað sem hinn látni bjó síðast að staðaldri.

(2) Hæð greiðslna

Hæð greiðslna er samtals takmörkuð við þá upphæð sem tilgreind er í tryggingarskíteinini.  
Ef annar bótaskyldur aðili kemur til bætum við aðeins þann kostnað sem eftir verður.

### § 3 Fjölskyldubætur.

(1) Tegund og forsendur greiðslu.  
Á gildistíma slysatryggingarverndarinnar bjóðum við tryggingarvernd fyrir maka og eigin börn sem bætast í fjölskyldu hins tryggða á tímabil sem nemur premur mánuðum í senn frá giftingu eða fæðingu. Ef þú tilkynnir okkur um giftinguna eða fæðinguna innan þriggja mánaða tímabilsins framlengist tryggingarverndin fyrir nýja fjölskyldumeðlimi um þrjá mánuði fyrir maka og um níu mánuði fyrir börn. Fyrir tryggingarvernd fjölskyldubóta gilda ákvæði Allianz AB UBR 2008; § 2 (1) b) ee) (fimmfalda örorkubætur) gildir ekki.

(2) Hæð greiðslna  
Tryggingarupphæðir fyrir fjölskyldubætur fyrir hvern einstakling sem bætist við nema 60.000 EUR fyrir örorku 12.000 EUR við fráfall maka og 6.000 EUR við fráfall barns.

### Sérstakir skilmálar fyrir tryggingarvernd við afleiðingar stórmaurabits

#### § 1 Hvað er tryggt til viðbótar?

Tryggingaraverndin tekur líka til smits sem berst með stórmaurum (Zecken (Ixodidae))

#### § 2 Hvaða sérreglur gilda um tryggingarhæfar bótagundir?

Samkvæmt lýsingunum í Almennu tryggingaskilmálunum á bótagundunum

- örorkubótum
- slysaörrorkubótum
- biðtímaþótum
- dánarbótum

hefjast frestirnir sem þar eru nefndir ekki við slysið (stórmaurabits), heldur fyrst við fyrstu greiningu læknis á smitinu.

#### § 3 Hvaða sérreglur gilda um gjalddaga bótanna við örorku?

(1) Áður en læknismeðferð er lokið er hægt að krefjast örorkubóta innan eins árs frá fyrstu smitgreiningu læknis (í stað innan eins árs frá slysi) aðeins allt að hæð umsamiðnar upphæðar við fráfall.

(2) Þú og við höfum heimild til að láta lækni endurmeta örorkustigið árlega, lengst fram að premur árum eftir fyrstu smitgreiningu læknis (í stað innan þriggja ára frá slysi). Hjá börnum til loka 14. aldursárs framlengist þessi frestur frá premur árum í fimm.